

Ársuppgjör 1. janúar 2016 til 31. desember 2016

- Hagnaður Spalar ehf eftir skatta fyrir tímabilið 1. janúar 2016 til 31. desember 2016 nam 635 mkr., hagnaður á rekstrarárinu 1. janúar 2015 til 31. desember 2015 nam 461 mkr. Hagnaður Spalar ehf eftir skatta á fjórða ársfjórðungi félagsins sem er 1. október 2016 til 31. desember 2016 nam 114 mkr. en á sama tíma árið á undan nam hagnaður félagsins 72 mkr. Spölur er að fullu í eigu Eignarhaldsfélagsins Spalar hf.
- Greiðsluflæðið gefur betri mynd af gangi félagsins þar sem verðbætur vegna vísitöluhækkana lána dreifast til greiðslu fram til loka lánstímans, þ.e. 2018. Greiðslugeta félagsins undanfarin 5 ár hefur verið sterk. Um 815 mkr. (2015:700 mkr.) voru greiddar í afborganir og vexti á tímabilinu og nauðsynlegt umframfjármagn var að auki til staðar 31. desember 2016 eins og lánasamningar gera ráð fyrir.
- Veggjald ársins nam 1.405 mkr. til samanburðar við 1.197 mkr. árið áður sem er 17,4 % hækkun.
- Rekstrarkostnaður Spalar ehf án afskrifta fyrir tímabilið 1. janúar 2016 til 31. desember 2016 nam 422 mkr. og hækkar um rúma 35 mkr frá árinu áður þegar hann nam mkr. 387. Helsta breytingin er vegna aukins viðhaldskostnaðar.
- Afskriftir á árinu námu samtals 123 mkr. og voru á sama tímabili árið áður 124 mkr.
- Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld lækka á milli ára um 43 mkr.
- Skuldir Spalar ehf lækka úr 2.646 mkr. þann 31. desember 2015 í 2.053 mkr. þann 31. desember 2016.

Um uppgjörið

Gylfi Þórðarson, framkvæmdastjóri Spalar, segir að umferð og tekjur séu heldur meiri en áætlanir félagsins gerðu ráð fyrir.

Tímabilið frá 1. janúar 2016 til 31. desember 2016 er átjándi fjárhagsár félagsins. Á þessu tímabili fóru 2.356 þúsund ökutæki um göngin sem greiddu veggjald sem er um 15% aukning frá sama tímabili árið áður. Þessi fjöldi samsvarar því að um 6.436 ökutæki hafi farið um göngin að meðaltali dag hvern. Meðaltekjur fyrir hverja ferð um göngin hafa hækkað um 2,7% frá fyrra ári.

Nánari upplýsingar veitir Gylfi Þórðarson, framkvæmdastjóri Spalar ehf, í síma 433 5910.

Lykiltölur úr rekstri Spalar ehf. í þúsundum króna

	1/1 2016 - 31/12 2016	1/1 2015 - 31/12 2015	1/1 2014 - 31/12 2014	1/1 2013 - 31/12 2013	1/1 2012 - 31/12 2012
Rekstrartekjur					
Veggjald	1.405.152	1.196.594	1.136.465	1.091.241	1.057.930
Rekstrargjöld					
Viðhald og rekstur ganga	258.929	233.583	187.334	185.126	194.286
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	161.856	150.426	142.265	139.435	143.567
Tapaðar kröfur.....	1.251	2.498	5.210	4.208	4.197
Afskriftir	122.739	123.785	120.926	119.763	115.851
	544.775	510.292	455.735	448.532	457.901
Rekstrarhagnaður	860.377	686.301	680.730	642.709	600.029
Fjármunatekjur- og (fjármagnsgjöld)	-67.225	-110.010	-124.723	-198.806	-246.372
Hagnaður fyrir skatta	793.153	576.292	556.007	443.903	353.658
Tekjuskattur	-158.645	-115.258	-111.201	-88.781	-115.569
Hagnaður ársins	634.507	461.033	444.806	355.123	238.088

	31/12 2016	31/12 2015	31/12 2014	31/12 2013	31/12 2012	31/12 2011
Eignir samtals	4.603.235	4.676.655	4.715.420	4.687.492	4.724.034	4.793.775
Eigið fé	2.549.935	2.030.428	1.614.395	1.214.589	903.467	714.379
Skuldir samtals	2.053.299	2.646.227	3.101.025	3.472.903	3.820.567	4.079.396
Veltufjárhlutfall	0,47	0,48	0,50	0,48	0,54	0,57
Eiginfjárhlutfall	55,39%	43,42%	34,24%	25,91%	19,12%	14,90%

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af EB.

Rekstrarreikningur

Hagnaður ársins nam 635 mkr. og fyrir sama tímabil árið áður var hagnaður félagsins 461 mkr.

Rekstrarhagnaður ársins fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld nam 860 mkr. fyrir sama tímabil árið áður nam hagnaðurinn 686 mkr.

Tekjur

Veggjald á árinu nam 1.405 mkr. samanborið við 1.197 mkr. árið áður og hækkar því um 17,4%. Hækkunina má rekja til aukningar á umferð á árinu 2016.

Gjöld

Rekstrarkostnaður félagsins án afskrifta á árinu var 422 mkr. kostnaðurinn hækkar um 9,2% frá sama tímabili árið áður þegar hann nam 387 mkr.

Rekstrarkostnaður án afskrifta á fjórða ársfjórðungi nam 109 mkr. og hækkar um 1 mkr. frá sama ársfjórðungi árið áður þegar hann var 108 mkr.

Afskriftir

Afskriftir á tímabilinu voru 123 mkr. fyrir sama tímabil árið áður voru afskriftir 124 mkr.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Á tímabilinu voru fjármunatekjur og fjármagnsgjöld 67 mkr og lækka um 39% frá sama tímabili árinu áður þegar þau voru 110 mkr. Lækkunina má rekja til lækkunar á langtímaskuldum félagsins.

Efnahagsreikningur

Eignir

Heildareignir Spalar ehf 31. desember 2016 voru 4.603 mkr. Þann 31. desember 2015 námu þær 4.677 mkr. eignir félagsins hafa því lækkað um 74 mkr.

Eigið fé og skuldir

Eigið fé Spalar er 2.550 mkr. og hækkar um 520 mkr. frá 31. desember 2015.

Skuldir félagsins námu 2.053 mkr. 31. desember 2016 og lækka þær um 593 mkr. frá 31. desember 2015. Þessi lækkun skýrist að stærstum hluta til af afborgunum langtímalána.

Sjóðstreymi

Handbært fé frá rekstri var 1.112 mkr. á tímabilinu 1. janúar 2016 til 31. desember 2016 en fyrir sama tímabil árið áður var handbært fé frá rekstri 855 mkr.

Handbært fé stendur í 338 mkr. í lok desember 2016.

Þróun rekstrar

Hér á eftir má sjá afkomu rekstrar og þróun hans á milli ársfjórðunga frá 1. október 2015 til 31. desember 2016.

Ársfjórðungsfirlit í þúsundum króna	4. ársfj.	3. ársfj.	2. ársfj.	1. ársfj.	4. ársfj.
	1/10 16 -	1/7 16 -	1/4 16 -	1/1 16 -	1/10 15 -
	31/12 16	30/9 16	30/6 16	31/3 16	31/12 15
Veggjald	288.670	491.216	376.445	248.822	236.037
Viðhald og rekstur ganga	-68.783	-56.657	-73.170	-60.319	-72.285
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	-39.836	-38.589	-34.085	-49.345	-34.413
Tapaðar kröfur.....	18	-397	-875	4	-1.062
Rekstrarhagn. f. afskriftir (EBITDA)	180.069	395.573	268.315	139.162	128.277
Afskriftir.....	-31.875	-30.674	-30.296	-29.895	-31.308
Rekstrarhagnaður (EBIT)	148.194	364.898	238.018	109.267	96.969
Fjárm.tekjur- og (fjárm.gjöld) - nettó	-5.832	-16.376	-23.803	-21.213	-6.901
Hagnaður fyrir skatta	142.362	348.522	214.215	88.054	90.068
Tekjuskattur	-28.487	-69.704	-42.843	-17.611	-18.014
Hagnaður ársfjórðungs	113.875	278.818	171.372	70.443	72.055

Rekstrarhorfur og framtíðarsýn

Gert er ráð fyrir að umferð og tekjur á næsta rekstrarári verði nokkru meiri en 2016.

Endurskoðun

Ársuppgjörið hefur verið endurskoðað af endurskoðendum félagsins, PricewaterhouseCoopers ehf. Stjórn og framkvæmdastjóri Spalar ehf hafa í dag samþykkt ársreikning félagsins fyrir árið 2016.